

Fyrsti fundur Umhverfisnefndar 2017-18 haldinn 17. janúar 2018 klukkan 14:00.

Á fundinn mættu fulltrúar nemenda: Áslaug María, Kjartan Valur, Rúnar Smári, Sóley Mist, Sigurbjörn Ási og Pétur Yngvi. Fulltrúar starfsfólks: Dóra Esther og Guðrún Sigurðardóttir skólustjóri. Fulltrúi foreldra: Sunneva Kristjánsdóttir.

Guðrún setti fundinn og allir kynntu sig og farið var yfir það hvað merkið á fánanum stendur fyrir. Þar skapaðist umræða um það að Ási sá einhverja karla sem hentu mat út í vatni í Hólaskjóli og við vorum sammála um að það mátti ekki.

Þá var farið yfir fundarreglurnar og að því loknu var farið yfir fundargerð síðasta fundar í þemanu „orka“.

Guðrún spurði fundarmenn hvort þeir myndu eftir einhverju sem við höfum verið að gera sem tengdist orkunni. Þar sem fátt var um svör spurði hún fundarmenn um það hvað orka sé. Þá vantaði ekki svörin og það sem kom fram að væri orka var olía, vatn, mold, sólin, ávextir og grænmeti er orka fyrir okkur. Eftir þessar umræður rifjaðist upp fyrir fundarmönnum að við höfum verið að skoða sólina.

Við skoðuðum bækur og myndir sem við fundum á netinu um sólina. Þar fundum við meðal annars sneiðmynd af sólinni. Okkur þótti kjarninn í sólinni mjög merkilegur og skapaðist mikil umræða um það hversu heit hún er og að við myndum bráðna ef við færum of nálágt henni. Okkur þótti sólinn mjög flott og áhugaverð og vorum sammála um að hún væri mikill orkugjafi.

Meðal annars kom fram að ef sólin skín á svartan bíl þá verður hann mjög heitur og allt sem væri svart hitnaði mikið í sólinni. Þegar við vorum að afla okkur upplýsinga um sólina komumst við að því að sólin, vatnið og vindurinn geta framleitt fyrir okkur rafmagn.

Einnig kom fram að sólinn er mjög stór og er gul og sólinn er eiginlega bara eldur. Út frá því skapaðist umræða um að það kviknaði í fjárhúsinu hjá Ása vegna þess að rafmagnið bilaði.



Hér er ein myndin sem við skoðuðum af sólinni

Þá var komið að því að ákveða hvað gera ætti fyrir næsta fund. Þar sem dagur leikskólans var á næsta leiti var byrjað á að ákveða að halda listasýningu og ákváðum við að halda hana á Kirkjubæjarstofu í þetta sinn. Allir vildu gera listaverk með því að mála, teikna og klippa fyrir sýninguna.

Einnig var ákveðið að skoða fyrir næsta fund hvort ávextir og grænmeti geti búið til orku sem hægt er að nota fyrir eitthvað annað en okkur eins og til dæmis að kveikja á klukku.

Að þessu loknu þakkaði Guðrún fundarmönnum fyrir góðan fund og sleit fundi.

Fundargerð.
Guðrún Sigurðardóttir